

Vegagerðin
Heimir F. Guðmundsson, verkefnastjóri
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

2003060066
6701; 6607; 9310

Reykjavík, 20. september 2004
/--

**Efni: Dettifossvegur, Norðausturvegur - Hringvegur, í Keldunes- og Skútustaðahreppi.
Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um Dettifossveg, Norðausturvegur - Hringvegur, í Keldunes- og Skútustaðahreppi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Vegagerðarinnar dags. 28. júlí 2004 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Vegagerðin. Dettifossvegur í Keldunes- og Skútustaðahreppi, Norðausturvegur - Hringvegur. Júlí 2004

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Kelduneshreppi, Skútustaðahreppi, Byggðastofnun, Ferðamálaráði Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnun.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Kelduneshreppi með bréfi dags. 9. ágúst 2004, Skútustaðahreppi með bréfi dags. 9. ágúst 2004, Byggðastofnun með bréfi dags. 6. ágúst 2004, Ferðamálaráði Íslands með bréfi dags. 9. ágúst 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 12. ágúst 2004, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 26. ágúst 2004, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 4. ágúst 2004, og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. ágúst 2004.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 9., 16., 26., 27. og 30. ágúst 2004.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum Vegagerðarinnar dags. 9., 26., 27. og 30. ágúst 2004 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og kostir. Í kafla 1.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um markmið framkvæmdarinnar og þar kemur fram að vegurinn verði hannaður skv. vegstaðli C1 en hönnunarhraði verði breytilegur eftir aðstæðum eða 60 til 90 km/klst. Í umsögnum Kelduneshrepps og Umhverfisstofnunar er bent á að 90 km/klst hámarkshraði eigi að vera alger undantekning enda sé um ferðamannaveg að ræða. Í umsögn Ferðamálaráðs Íslands kemur fram að leggja þurfi áherslu á að vanda til vals á vegsvæði svo áhrif vegar skaði umhverfið sem minnst. Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að markmið framkvæmdarinnar sé bygging heilsársvegjar frá Norðausturvegi að Hringvegi eins og samráðshópur um vegamál við Jökulsá á Fjöllum hafi komist að niðurstöðu um. Vegurinn verði einnig ein aðaltenging íbúa Öxarfjarðar við Hringveg. Stefnt sé að því að vegurinn verði í nægilegri fjarlægð frá mest sóttu ferðamannastöðum og gönguleiðum svo að umferð trufla ekki þjóðgarðsgesti og muni vegurinn helst ekki vera sýnilegur frá helstu útsýnisstöðum. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar og Kelduneshrepps og telur að við hönnun valkosta þurfi að taka tillit til ofangreindra atriða umsagna.

Í kafla 1.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um áfangaskiptingu framkvæmdarinnar og kemur fram að ekki liggi fyrir tímaáætlun vegna framkvæmda við áfanga II. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að talið sé nauðsynlegt að sú áætlun liggi fyrir. Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirliggjandi fjárveitingar í vegaáætlun til ársins 2006 dugi ekki nema fyrir u.þ.b. fjórðungi kostnaðar við veginn allan og að ekki sé hægt að leggja fram tímaáætlun framkvæmda fyrr en við næstu endurskoðun vegaáætlunar. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir tímasetningu framkvæmda í ljósi þeirra upplýsinga sem þá liggja fyrir.

Í kafla 1.8.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um efnistöku. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að afmarka þurfi efnistökuastaði betur og sé efnistaka á fjórum stöðum sem nefndir eru í tillögunni ekki talin ásættanleg. Einnig telur Umhverfisstofnun mikilvægt að efnistökuastaðir verði ekki sýnilegir frá vegi eða gönguleiðum meðfram Gljúfrunum. Í umsögn Ferðamálaráðs Íslands er lögð áhersla á að vandað verði til vals á námusvæðum svo að áhrif þeirra skaði umhverfið sem minnst. Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að haft verði samráð við Umhverfisstofnun um efnistöku. Skipulagsstofnun telur að við könnun og val á efnistökuastöðum þurfi framkvæmdaraðili að vera í samráði við Umhverfisstofnun.

Í kafla 1.8.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vinnubúðir. Í umsögnum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að í matsskýrslu þurfi að fjalla um reglugerðir um vinnubúðir. Skipulagsstofnun telur nægjanlegt að í

matsskýrslu verði gerð grein fyrir þeim lögum og reglugerðum sem við eiga vegna uppsetningar og reksturs vinnubúða.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Í köflum 3.2 og 3.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að afmarka þurfi áhrifasvæði fyrir alla þá umhverfisþætti sem framkvæmdin hefur áhrif á og sýna þurfi áhrifasvæði framkvæmdarinnar á loftmynd. Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að áhrifasvæði einstakra þátta verði afmarkað en erfitt sé á þessu stigi að ákveða mælikvarða á gróðurkortum en tekið verði tillit til ábendinga Umhverfisstofnunar. Skipulagsstofnun tekur undir að í matsskýrslu þurfi að fjalla um áhrifasvæði allra þeirra þátta sem framkvæmdin muni hafa áhrif á. Fram þarf að koma á loftmyndagrunni kort sem sýni bein áhrif innan rannsóknasvæðisins s.s. varðandi gróður, dýralíf, jarðmyndanir ofl. Hins vegar telur stofnunin nægjanlegt að sýna á hefðbundnum kortum þau áhrif er ná út fyrir rannsóknasvæði beinna áhrifa s.s. sjónræn áhrif og áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu í nærsveitum.

Áhrif á ferðaþjónustu og ferðamenn. Í kafla 4.1.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um samfélag og landnotkun. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í matsskýrslu þurfi að fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á ferðaþjónustu, stýringu ferðamanna um svæðið og annarrar umferðar s.s. vegna þungaflutninga. Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að vegurinn verði hannaður sem heilsársvegur og líklegt sé að hann verði mikilvæg tenging íbúa Öxarfjarðar við Hringveg. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur að til viðbótar því sem fram kemur í kafla 4.1.1 í tillögu að matsáætlun þurfi umfjöllun um stýringu ferðamanna um svæðið, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, og um umferð vegna þungaflutninga að koma fram í matsskýrslu.

Í kafla 3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um mat á umhverfisáhrifum. Í umsögn Ferðamálaráðs Íslands kemur fram að aukin umferð og greiðari aðgangur að svæðinu komi væntanlega til með að auka álag á gönguleiðir og viðkomustaði ferðafólks vestan árinna og sé því ástæða til að reyna að meta afleidd áhrif vegagerðarinnar og benda á mótvægisáðgerðir í matsskýrslunni. Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að í samráði við Umhverfisstofnun verði reynt að meta hvort stækka þurfi bílastæði vegna aukinnar umferðar en ef takmarka þurfi umferð að viðkomustöðum fólks s.s. gönguslóðum, verði þjóðgarðsyfirvöld að hafa um það forgöngu. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla um hugsanlegar ráðstafanir sem grípa þurfi til á vinsælum áningastöðum vegna aukins álags sem bætt vegasamband muni hafa í för með sér. Vegagerðin þarf að hafa samráð við Ferðamálaráð Íslands, yfirvöld þjóðgarðsins og sveitarstjórn um tillögum slíkra ráðstafana og mat á áhrifum þeirra á umhverfið. Í matsskýrslu þarf að koma fram álit þessara aðila á því hvort t.d. áningastaðir við veginn séu ásættanlegir og hvernig bregðast eigi við auknu álagi á svæðið vegna ferðamanna.

Áhrif á náttúrufar. Í kafla 4.1.5 er fjallað um gróðurfar. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í matsáætlun hefði átt að útlista nánar hvaða gögn er varða gróður verði lögð fram í matsskýrslu, s.s. mælikvarða gróðurkorta og hvaða aðferðum verði beitt við rannsóknir á gróðurfari eða beitt var ef rannsóknir hafa þegar farið fram. Að mati Umhverfisstofnunar ætti mælikvarði korta af gróðurhverfum að vera 1:5000 til 1:15.000, eftir því hversu stór svæði sé verið að kortleggja. Jafnframt telur stofnunin að birta ætti yfirlitskort af gróðurlendum í

matsskýrslu. Í svörum Vegagerðin kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands sjái um rannsóknir á gróðri og muna vinna gróðurkort af framkvæmdasvæðinu. Umsögn Umhverfisstofnunar hafi verið send stofnuninni svo hún geti tekið tillit til þeirra ábendinga sem þar koma fram við úrvinnslu gagnanna. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að birta yfirlitskort af gróðurlendum og sýna upplýsingar um gróðurhverfi á kortum í mkv. 1:5000 til 1:15.000.

Í umsögn Landgræðslu ríkisins kemur fram að lagt sé til að samráð verði haft við stofnunina vegna uppgræðslu svæðis sem raskast vegna framkvæmdarinnar. Skoða þurfi möguleika á mótvægisáðgerðum vegna eyðingar gróðurs og æskilegt væri að skoða möguleika á girðingu vestan vegar frá Hringvegi að landgræðslugirðingunni með það að markmiði að friða vegsvæði og hið illa farna land austan þess fyrir búfjárbæit. Einnig þurfi að athuga hvort áðgerða sé þörf vegna sandfoks yfir veginn. Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að stærð þess landssvæðis sem raskist verði metin og við útfærslu á uppgræðslu og mótvægisáðgerðum á svæðinu verði haft samráð við Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnun. Einnig muni Vegagerðin kanna möguleika á girðingu á umræddu svæði í samráði við landeigendur og Landgræðslu ríkisins og athuga hvort áðgerða verði þörf vegna sandfokshættu á veginum. Skipulagsstofnun telur fyrirhugað samráð um útfærslu á uppgræðslu og mótvægisáðgerðum ásættanlegt.

Skipulag. Í kafla 2.2 er fjallað um samræmi framkvæmdarinnar við skipulag á svæðinu. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að koma fram hvaða breytingar þurfi að gera á gildandi skipulagsáætlunum vegna lagningar Dettifossvegar.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit: Kelduneshreppur, Skútustaðahreppur, Bygðastofnun, Ferðamálaráð, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Landgræðsla ríkisins og Umhverfisstofnun.